

Íslenskar getraunir

Samandreginn ársreikningur 2018

Íslenskar getraunir
Engjavegur 6
104 Reykjavík

kt. 570169-4169

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Samandreginn tekju- og gjaldareikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8 - 9

Skýrsla og áritun stjórnenda

Félagið rekur íþróttagetraunir samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1972.

Tekjuafgangur varð á rekstri félagsins á árinu 2018 að fjárhæð 99,2 millj. kr. samkvæmt tekju- og gjaldareikningi, sem ráðstafað hefur verið til íþróttahreyfingarinnar og eignaraðila Íslenskra getrauna. Eigið fé félagsins í árslok 2018 nam 105,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun tekjuafgangs og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Eignaraðilar eru þrír og greinist eignaraðild þannig:

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands	70%
Ungmennafélag Íslands	20%
Íþróttanefnd ríkisins	10%

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenskra getrauna hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. apríl 2019

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Íslenskra getrauna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samandreginn ársreikning Íslenskra getrauna í umboði Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, tekju- og gjaldareikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samandregni ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Íslenskra getrauna á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskum getraunum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslenskra getrauna.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Endurskoðun okkar byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits Íslenskra getrauna.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 9. apríl 2019

BDO ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir
lögiltur endurskoðandi

Samandreginn tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Tekjuafgangur fyrir afskriftir		111.828.953	122.169.177
Afskriftir	6,7	18.144.138	17.211.351
Tekjuafgangur án fjármagnsliða		<u>93.684.815</u>	<u>104.957.826</u>
Hreinar fjármunatekjur		5.467.601	5.733.876
Tekjuafgangur ársins		<u>99.152.416</u>	<u>110.691.702</u>
Ráðstöfun tekjuafgangs á árinu:			
Til íþróttahreyfingarinnar		91.152.416	102.691.702
Til eignaraðila		8.000.000	8.000.000
		<u>99.152.416</u>	<u>110.691.702</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir

	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	3,6	22.465.425	38.582.441
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	2.872.447	4.432.044
Fastafjármunir samtals		<u>25.337.872</u>	<u>43.014.485</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		46.034.473	44.365.427
Handbært fé		230.413.529	189.676.015
Veltufjármunir samtals		<u>276.448.002</u>	<u>234.041.442</u>
Eignir samtals		<u>301.785.874</u>	<u>277.055.927</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé			
Varasjóður	9	105.774.096	101.439.608
Eigið fé samtals		<u>105.774.096</u>	<u>101.439.608</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreitt til íþróttasamtaka		170.754.878	156.254.051
Ósóttir vinningar		9.815.611	4.195.858
Aðrar skammtímaskuldir		15.441.289	15.166.410
Skuldir samtals		<u>196.011.778</u>	<u>175.616.319</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>301.785.874</u>	<u>277.055.927</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Tekjuafgangur ársins		99.152.416	110.691.702
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6,7	18.144.138	17.211.351
Tillag í varasjóð		4.334.488	4.103.483
		<u>121.631.042</u>	<u>132.006.536</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, hækkun	(1.669.046)	(10.421.936)
Skammtímaskuldir, hækkun		20.395.459	33.371.499
		<u>18.726.413</u>	<u>22.949.563</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
		<u>140.357.455</u>	<u>154.956.099</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	(467.525)	0
Afborganir langtímakrafna		0	6.607.385
		<u>(467.525)</u>	<u>6.607.385</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar			
Ráðstöfun tekjuafgangs á árinu:			
Til íþróttahreyfingarinnar	(91.152.416)	(102.691.702)
Til eignaraðila	(8.000.000)	(8.000.000)
		<u>(99.152.416)</u>	<u>(110.691.702)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á handbæru fé		40.737.514	50.871.782
Handbært fé í ársbyrjun		<u>189.676.015</u>	<u>138.804.233</u>
Handbært fé í árslok		<u>230.413.529</u>	<u>189.676.015</u>

Skýringar

1. Lög og reglur

Íslenskar getraunir voru stofnaðar til að starfrækja íþróttagetraunir samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1972, til að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir á Íslandi í félögum innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands.

Samkvæmt reglugerð sem sett hefur verið með hliðsjón af lögum nr. 59/1972, starfrækja Íslenskar getraunir fimm íþróttagetraunaleiki, getraunaleikinn 1X2 í samstarfi við AB Svenska Spel í Svíþjóð og fleiri getrauna fyrirtæki, getraunaleikinn LENGJUNA, getraunaleikinn LENGJAN BEINT auk tímabundinna aukagetraunaleikja og "hópleikja" í tengslum við kynningarstarfsemi á vegum félagsins. Í reglugerðinni er m.a. að finna ákvæði um vinningshlutfall og skiptingu vinninga.

Samkvæmt lögnum telst til kostnaðar 0,5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenskar getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Íslenskra getrauna er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum.

3. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eignanna.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

5. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymisýfirlits.

6. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	126.633.027	126.633.027
Aflagt á árinu	(47.629.306)	(47.629.306)
Afskrifað áður	(40.421.280)	(40.421.280)
Bókfært verð 1.1.2018	38.582.441	38.582.441
Viðbót á árinu	467.525	467.525
Aflagt á árinu	(4.762.931)	(4.762.931)
Afskrifað á árinu	(11.821.610)	(11.821.610)
Bókfært verð 31.12.2018	22.465.425	(16.117.016)
Heildarverð 31.12.2018	79.471.246	79.471.246
Afskrifað samtals	(57.005.821)	(57.005.821)
Bókfært verð 31.12.2018	22.465.425	22.465.425
Afskriftarhlutföll	20%	

Skýringar, frh.:

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tölvubúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	8.647.678	8.647.678
Aflagt á árinu	(1.926.069)	(1.926.069)
Afskrifað áður	(2.289.565)	(2.289.565)
Bókfært verð 1.1.2018	4.432.044	4.432.044
Aflagt á árinu	(192.607)	(192.607)
Afskrifað á árinu	(1.366.990)	(1.366.990)
Bókfært verð 31.12.2018	2.872.447	2.872.447
Heildarverð 31.12.2018	6.721.609	6.721.609
Afskrifað samtals	(3.849.162)	(3.849.162)
Bókfært verð 31.12.2018	2.872.447	2.872.447
Afskriftahlutföll	20-33%	
Áætlaður nýtingartími	3-5 ár	

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður
Varasjóður 1.1.2018	101.439.608
Tillag í varasjóð	4.334.488
Varasjóður 31.12.2018	105.774.096